


Sveinn Björnsson og kona hans Sólveig Erlendsdóttir við eitt verka Sveins á sýningunni, „Sá sem stjórnar plássinu".

„Ef ég hef ákveðið sýningu þá vil ég ekki hætta við hana"

— segir Sveinn Björnsson listmálari og lögregluforingi, sem opnar sýningu á Kjarvalsstöðum í dag

SVEINN Björnsson listmálari og lögregluforingi úr Hafnarfirði opnar mikla sýningu á verkum sínum í vestursal Kjarvalsstaða í dag. Á sýningunni eru 84 myndir allar málaðar í olíulitum. Þær eru málaðar á árunum 1960 og fram til dagsins í dag. Flestar myndanna eru frá síðustu 2—3 árum þar af nokkrar málaðar í nýrri vinnustofu sem listmálarinn hefur komið sér upp í Krísuvík. Þar hefur hann góða aðstöðu til að mála stórar myndir en það er hans mesta yndi. Sýningin verður opin klukkan 14 til 22 alla daga vikunnar einnig mánudaga, en þá er venjulega lokað að Kjarvalsstöðum. Á hvítasunnudag opnar sýningin ekki fyrr en klukkan 15 enda má ekki sýna á messutíma á þeim degi. Allar myndirnar eru til sölu. Sýningunni lýkur sunnudaginn 25. maí.

„Til að fyrirbyggja allan misskilning vil ég taka það fram að ég sótti um að sýna hér á Kjarvalsstöðum áður en allt vesenið þar byrjaði," sagði Sveinn er blaðamaður Mbl. hitti hann sem snöggvast að máli á Kjarvalsstöðum. „Ég sendi dómnefndinni sem þá sat 10 myndir og fékk það svar að ég fengi að sýna. Og ég er nú einu sinni þannig gerður að ef ég hef ákveðið sýningu þá vil ég ekki hætta við hana. Ég vil halda mínu striki og ég hefði frekar sagt mig úr FÍM frekar en hætta við ef ég hefði verið í þeim félagsskap. Ég fékk nú reyndar ekki inngöngu í FÍM þegar ég sótti um það fyrir 12 árum, hef líklega ekki þótt nógu góður. Síðan hef ég ekki haft áhuga á því að sækja um inngöngu."


Á sýningu Sveins kennir margra grasa enda stærsta sýning sem hann hefur haldið til þessa. Þarna er að finna fantasíur, sjávarmyndir og mótív sem eru alveg ný hjá Sveini, sjór og himinn. Fantasíurnar byrjaði Sveinn fyrst að mála í Krísuvík en sjávarmyndirnar eru minningar frá þeim tíma er hann stundaði sjóinn sem ungur maður um 13 ára skeið. Síðasta stóra sýning Sveins var í Norræna húsinu fyrir 4 árum og þá sýndi hann eingöngu vatnslitamyndir. Hann hefur haldið fjölmargar sýningar hér heima og erlendis og hann hefur m.a. sýnt í Bandaríkjunum, Þýzkalandi, Júgóslavíu og Danmörku. Í litprentaðri sýningarskrá hefur Sveinn birt úrdrætti úr nokkrum blaðadómum frá því hann hélt sýningu í Charlottenborg í Danmörku 1965 og eru þeir mjög lofsamlegir. Eru gagnrýnendurnir þar sammála um að Sveinn sé sterkur og svipmikill málari en jafnframt nokkuð ofsafenginn.

En hvenær hefur yfirmaður rannsóknarlögreglunnar í Hafnarfirði eiginlega tíma til að mála allar þessar myndir? „Ég er nú þannig maður," segir Sveinn „að mér þykir gaman að vinna og flestallar þessar myndir eru málaðar á nóttunni. Þegar ég er búinn í vinnunni slappa ég af fyrir framan sjónvarp á kvöldin og þegar það er búið byrja ég að mála og er eitthvað fram eftir nóttu. Stundum kemur útkall þegar ég er að mála og þá er ekki annað að gera en henda penslinum og þjóta af stað til að rannsaka afbrotamál í Hafnarfirði, Kjós, eða jafnvel upp í Hvalfirði. Ég fer líka oft á hestbak og hef mikla ánægju af. Og mér finnst ég hvergi betur skynja náttúruna en á hestbaki. Til vinnu mæti ég klukkan 8,30 á morgnana og er þá oft búinn að fá mér sundsprett í sundlauginni í Hafnarfirði til að hressa mig upp fyrir daginn. Ég held það eigi vel við að rifja það upp hér á Kjarvalsstöðum sem Kjarval sagði einu sinni: „Listin er vinna og aftur vinna". Og eftir því sem ég vinn meira í brauðstritinu fer ég af meiri krafti í málverkin. Ég get ekki verið án málverksins, ég er eins og alkóhólisti, ég get ekki hætt."



Jóhann G. opnar sýningu

JÓHANN G. Jóhannsson opnar *málverkasýningu í dag*, laugardag að Hamragörðum, Hávallagötu 24. Sýningin verður opin klukkan 3—10 og stendur hún til sunnudagsins 25. maí. 37 verk eru á sýningunni, olíu- og vatnslitamyndir. Allt eru þetta nýjar myndir. Einnig mun Jóhann kynna nýja tveggja laga hljómplötu *sem væntanleg er á markaðinn í næstu viku.* Verður platan leikin annað slagið á meðan sýning stendur yfir.



Steingrímur sýnir í Eden

STEINGRÍMUR Sigurðsson opnaði í gærkveldi málverkasýningu í Eden í Hveragerði, og er þetta 22. *einkasýning hans.*

Á sýningunni eru alls 35 verk, öll ný, mest olíumálverk og vatnslitamyndir.


Sýningin verður opin fram yfir hvítasunnu.

Ragnar Lár sýnir á Húsavík

RAGNAR LÁR, sem í vetur hefur starfað sem kennari við Barna- og unglingaskólann á Skútustöðum í Mývatnssveit, opnar sýningu í barnaskólanum á Húsavík í dag, laugardag, og lýkur sýningunni á 2. í hvítasunnu. Sýningin er opin frá 4—22 daglega.

Á sýningunni eru 20 olíumálverk og 7 vatnslitamyndir, ennfremur penna- og pensilmyndir, tréristuþrykk, dúkristuþrykk og álímingarmyndir.

Ragnar sýndi fyrst í Ásmundarsal árið 1956, en þetta er viðamesta sýning hans.



Varanlegt slitlag á veginn til Garðs

ALÞINGI hefur ákveðið að veita fé til að setja varanlegt slitlag á veginn milli Keflavíkur og Garðs en hann mun vera rúmlega 7 kílómetrar að lengd. Að sögn Sigurðar Jóhannssonar vegamálastjóra verður verkinu skipt í tvennt, olíumöl lögð á helming vegarins í sumar og hinn helminginn næsta sumar. Þetta verður stærsta framkvæmdin á Reykjanesi í sumar, hvað varðar lagningu á varanlegu slitlagi.

Í framhaldi af þessu sneri Mbl. sér til Finnboga Björnssonar oddvita í Garðinum og ræddi við hann um fyrirhugaða vegarlagningu og byggðarlagið. Finnbogi sagði: „Þegar nú liggur ljóst fyrir að ákveðið er að hefjast handa um byggingu vegar með varanlegu slitlagi milli Keflavíkur og Garðs þá nálgast endalok mikils baráttumáls okkar Garðmanna. Það gefur auga leið, að byggðarlag eins og Garður sem hefur mjög takmarkaða hafnaraðstöðu og þarf að flytja til sín landleið allar þær sjávarafurðir sem vinna á og þær fullunnu frá sér, hlýtur að fagna þessum málalokum þótt að við hefðum að sjálfsögðu kosið að fá allan veginn nú í ár. Einnig náðist nú sá áfangi, að vegurinn Garður — Sandgerði var tekinn með og til hans ákvarðað það sem við getum nefnt opnunarframlag. Það er góður áfangi því töluverðum hluta sjávarafla okkar er ekið þaðan. Ég leyfi mér fyrir hönd okkar Garðmanna að þakka fjármálaráðherra, samgönguráðherra, þingmönnum kjördæmisins svo og öðrum þeim sem lagt hafa hönd að því að þetta geti gerzt sem fyrst, þann skilning sem þeir hafa sýnt á þörf okkar fyrir góðar samgöngur. Við höfum að sjálfsögðu óttazt það að framkvæmdum yrði frestað þar sem

Framhald á bls. 47.

Sinfónían að Flúðum

NÆSTU tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands utan Reykjavíkur verða haldnir á vegum Tónlistarfélags Árnessýslu að Flúðum í Hrunamannahreppi föstudaginn 23. maí kl. 9.30. Stjórnandi verður Páll P. Pálsson. Flutt verða verk eftir Beethoven, Grieg og Mozart.

Sinfóníuhljómsveitin hefur á undanförnum árum oftast haldið tónleikana á vegum Tónlistarfélags Árnessýslu á Selfossi, en að þessu sinni verða þeir haldnir í Félagsheimilinu á Flúðum.



Ljósmynd Mbl. Emilía.

Simon Vaughan baritonsöngvari, Sigríður E. Magnúsdóttir og Jónas Ingimundarson, en þau leika og syngja á síðustu tónleikum vetrarins í Háskólanum.

Síðustu tónleikar Háskóla Íslands í vetur

Í vetur hefur Háskóli Íslands haldið 10 tónleika í Félagsstofnun stúdenta og hafa þeir verið sóttir af fólki utan Háskólans sem innan.

Síðustu tónleikar þessa háskólaárs verða haldnir á hvítasunnudag kl. 15 í Félagsstofnuninni. Þar syngja þau Sigríður E. Magnúsdóttir og Simon Vaughan við undirleik Jónasar Ingimundarsonar lög eftir Schubert, Schumann, Duparc, Hugo Wolf, Brahms og Benjamin Britten.

Sigríður E. Magnúsdóttir er um þessar mundir að æfa sjálfa Carmen í Þjóðleikhúsinu fyrir flutning næsta haust. Simon Vaughan er ungur enskur baritonsöngvari, nemandi Antons Dermota í Vínarborg og er hann nú þegar orðinn athafnasamur tónleikahaldari heima hjá sér í Englandi og einnig í Austurríki og á Ítalíu.

Fyrstu tónleikar Háskólans voru í nóv. s.l. Þá lék Barokkvintett Kammersveitar Reykjavíkur, í nóvember söng Elísabet Erlingsdóttir íslenzk þjóðlög, Kammersveit Reykjavíkur lék í nóvember

Framhald á bls. 47.